

186 3. Kvarðar:

6. nóv. Lengd $\frac{1}{2}$ m til 1 m kr. 0.60

4. Mæliker:

Stærð $\frac{1}{2}$ lítri eða minna kr. 0.50

— yfir $\frac{1}{2}$ lítra — 1.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingastofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmann löggildingarstofunnar 4 kr. um klukkustund, eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 32 kr. á dag, að viðbætti lögmælti verðlagsuppbót.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi reglugerð nr. 50 29. maí 1923, um sama efni.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Avinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1942.

Magnús Jónsson.

Páll Pálmason.

187

9. nóv.

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað,
15. júlí 1937.

1. gr.

Fyrsta málsgrein annarrar greinar samþykktarinnar orðist svo:

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

2. gr.

Önnur málsgrein annarrar greinar orðist svo:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Önnur málsgrein fjórðu greinar samþykktarinnar orðist svo:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt 187 lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist 9. nóv. til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. nóvember 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

188

um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Bíldudalskaupþúni 10. nóv.
í Suðurfjarðahreppi, nr. 117 8. júlí 1940.

2. gr. hljóði svo:

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, að undanteknum föstudögum, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Eigi skal opnað fyrr en kl. 8 árdegis.

Undantekningar skulu þó vera þær, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 1 eftir hádegi.

Á tímabilinu frá 16. september til 15. maí skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 5 eftir hádegi.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum eigi lokað síðan en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 10 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming og affferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði jafnt og sölubúðir.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.